

13. gr.

Skipulagsskrá.

Skipulagsskrá sjóðsins má því aðeins breyta, að meirihluti stjórnar sjóðsins sé því samþykktur og breytingarnar hljóti auk þess samþykki næsta aðalfundar Skógræktarfélags Íslands með þremur fjórðu hlutum greiddra atkvæða. Leitað skal umsagnar Ríkisendurskoðunar.

Með skipulagsskrá þessari fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Landgræðslusjóð nr. 385 frá 14. ágúst 1991.

Samþykkt á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands dagana 24.-26. ágúst 2001.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. desember 2001.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ**minningarsjóðs Lárusar Sveinssonar trompetleikara.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Lárusar Sveinssonar. Er hann stofnaður til minningar um Lárus Sveinsson trompetleikara, sem fæddur var 7. febrúar 1941 og lést þann 18. janúar 2000.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega málmblásara til náms erlendis, einkum til Vínarborgar.

3. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

4. gr.

Stofnendur eru Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands, fjölskylda Lárusar Sveinssonar, Félag íslenskra hljómlistarmanna, kór Íslensku óperunnar, Mosfellsbær og Jón M. Guðmundsson, Reykjum, Mosfellsbæ.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.350.000.

6. gr.

Sjóðurinn hefur sérstakan fjárhag sem skal vera í vörslu Félags Íslenskra hljómlistarmanna sem sér um bókhald hans og fjárreiður. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksár.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð til 4 ára af stofnendum sjóðsins. Skal fyrsta stjórn skipuð til ársloka 2005. Stjórnina skipa 1 fulltrúi fjölskyldu Lárusar Sveinssonar, 1 fulltrúi Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands og 2 fulltrúar málmblásara úr Sinfóníuhljómsveit Íslands. Varamenn eru þrír.

8. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Arður, þar með taldir vextir af eignum sjóðsins.
2. Gjafir, áheiti og önnur framlög sjóðnum til styrktar.
3. Aðrar tekjur en að framan greinir.

9. gr.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins samkvæmt 5. gr. sem tryggilegast og arðvænlegast. Ekki er heimilt að skerða höfuðstól sjóðsins. Verði afgangur af tekjum ársins má ráðstafa honum við næstu úthlutun, en annars leggst hann við stofnfé sjóðsins.

10. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki. Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum og mun setja sér frekari úthlutunarreglur. Stjórnarmenn hljóta ekki þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins.

11. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðun um að hætta rekstri skulu samþykktar af öllum stjórnarmönnum. Verði sjóðurinn lagður niður skal verja eignum hans til tækja-kaupa fyrir gjörgæsludeild Landspítalans Háskólasjúkrahúss, Fossvogi.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. desember 2001.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanneý Óskarsdóttir.